

- 22 30. jan. leyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggja við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjótí sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og lög nr. 36 1. febrúar 1936, um breyting á nefndum lögum, nr. 62 frá 28. janúar 1935.

Gjört á Bessastöðum, 30. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

23

30. jan.

L Ö G

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita hestamannafélögum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappreiðar og sjómannadagsráðum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappróður með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði hestamannafélaganna af starfsemi þessari skuli varið til reiðvega og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri sjómannadagsráðanna, er fari fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.

2. gr.

23

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli úr gildi lög nr. 109 9. okt. 1941.

30. jan.

Gjört á Bessastöðum, 30. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

24

um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Flugvellir skulu flokkaðir í 4 flokka eftir stærð þeirra, gerð og búnaði til notkunar og rekstrar.

Fullnægja skulu þeir eftirtöldum skilyrðum:

1. flokkur. Rennibrautir skulu vera ekki færri en 3, gerðar úr steinsteypu, malbiki eða með öðru varanlegu slitlagi. Skulu þær fullnægja aðalvindáttum.

Lengd brauta og breidd skal nægileg fyrir stórar millilandaflugvélar. Skulu þær vera byggingar þær, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt telst til þess að fullnægja millilandaflugi.

2. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þær sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægja til innanlandsflugs. Skulu þær vera byggingar, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt þykir til þess að fullnægja innanlandsflugi með flugvélum af allt að 15000 kg þyngd.

3. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þær sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægileg fyrir meðalþungar flugvélar, allt að 5000 kg þyngd. Við völlinn skulu vera nauðsynlegustu tæki og búnaður fyrir snögga viðkomu slíkra flugvéla.

4. flokkur. Rennibrautir skulu vera 2, nema þær sem reynsla sýnir, að 1 braut muni nægja eða verða of kostnaðarsamt að gera 2 brautir. Rennibrautir skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd brauta og breidd skal ætluð aðeins fyrir léttar flugvélar, allt að 3000 kg þyngd, eftir því sem fært þykir kostnaðar vegna. Rennibrautir skulu merktar, og þær skal vera aðgangur að síma, svo og smáskáli fyrir farþega, en yfirleitt ekki annar búnaður.

2. gr.

Flugvellir skulu vera á eftirtöldum stöðum:

a. Í 1. flokki:

1. Í Reykjavík.
2. Á Reykjanesi.

b. Í 2. flokki:

1. Í Eyjafirði.
2. Hjá Egilsstöðum á Völlum.
3. Á Melatanga í Hornafirði.